

Kaldalón hf. : Afkomutilkynning fyrir fyrri árs helming 2020

Á stjórnarfundum þann 31. ágúst 2020 samþykktu stjórn og framkvæmdastjóri árshlutareikning Kaldalóns hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 30. júní 2020.

Helstu niðurstöður eru:

- Hagnaður nam 226 milljónum króna
- Rekstrarkostnaður nam 63 milljónum króna
- Heildareignir námu 5.929 milljónum króna
- Heildarskuldir námu 1.489 milljónum króna
- Eigið fé félagsins nam 4.440 milljónir króna
- Eiginfjárhlutfall í lok tímabils var 74,9%
- Innra virði félagsins var 1,23 á hvern útgefinn hlut

Uppbygging félagsins gengur vel

Hagnaður Kaldalóns á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 nam 226 milljónum króna samanborið við 32 milljónir króna fyrir sama tímabil árið 2019. Heildareignir félagsins námu 5.929 milljónum króna og eigið fé þann 30.6.2020 var 4.440 milljónir króna.

Á fyrri hluta ársins 2020 kom Kaldalón hf. að mikilli uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. Að Hafnarbraut 13-15 í Kópavogi var lokið við byggingu 54 íbúða sem nú eru í söluferli og stór hluti þeirra þegar seldar. Að Urriðaholtstræti 14-20 í Garðabæ lauk félagið við byggingu og afhendingu á 38 íbúðum sem afhentar voru í heild sinni sem gagngjald vegna kaupa þess á lóðum í Vogabyggð í Reykjavík. Loks stóð félagið byggingu 51 íbúðar að Urriðaholtstræti 22-26 sem lokið var við að steypa upp og unnið er nú að fullnaðarfrágangi á sem ætla má að liggi fyrir upp úr næstu áramótum.

Á tímabilinu var unnið að undirbúningi fjölmargra verkefna hjá félaginu. Þar ber hæst samþykkt aðaluppdráttu fyrir 71 íbúð að Stefnisvogi 2 í Vogabyggð í Reykjavík sem reiknað er með að komi til framkvæmda á síðari hluta ársins. Alls eru 324 íbúðir í Vogabyggð í þróun á vegum félagsins. Þá var hönnun 84 íbúða á Steindórsreit í Reykjavík á lokastigi og þess er vænst að framkvæmdir þar geti hafist öðru hvoru megin við næstu áramót.

Kaldalón á 50% hlut í Steinsteypunni ehf. og hefur rekstur og uppbygging fyrirtækisins gengið vel. Mikill og stígandi vöxtur hefur verið í sölu fyrirtækisins. Hefur vörum og þjónustu þess verði afar vel tekið og finna stjórnendur félagsins fyrir auknum áhuga á viðskiptum við Steinsteypuna.

Í upphafi ársins setti stjórn Kaldalóns fram afkomuspá til fjögurra ára sem miðast við uppbyggingu á núverandi verkefnum félagsins. Á núverandi lóðum félagsins er reiknað með uppbyggingu um það bil 1.000 íbúða.

Í ljósi þróunar og fyrirséðrar seinkunar á tilteknum verkefnum hefur stjórn félagsins uppfært afkomuspá félagsins. Ástæða seinkunar má rekja að hluta til afleiðinga Covid-19 ástandsins þar sem sóttvartakmarkanir hafa haft áhrif á undirbúning verkefna sem ráðgert var að hefja á árinu. Þrátt fyrir það gera stjórnendur félagsins ráð fyrir að langtímaáhrif Covid-19 veirunnar verði óveruleg.

Uppfærð afkomu spá gerir ráð fyrir að hagnaður félagsins fyrir skatta verði;

- **Árið 2020: 370-430 milljónir króna**
- **Árið 2021: 1.560-1.820 milljónir króna**
- **Árið 2022: 1.810-2.120 milljónir króna**
- **Árið 2023: 1.940-2.260 milljónir króna**

Að mati stjórnenda Kaldalóns eru markaðsaðstæður nú góðar fyrir félagið. Mikil eftirspurn eftir íbúðum og fyrirséð hóflegt framboð af nýju íbúðarhúsnæði gera það að verkum að líklegt er að markaðsaðstæður verði hagfelldar þegar vaxandi hluti íbúða Kaldalóns kemur á markað á næstu árum.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Þór Þorvaldsson síma 899-9705, jonas@kaldalon.is.